

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á starfssvæðum landshlutasamtaka sveitarfélaga nr. 26/1987.

1. gr.

2. mgr. auglýsingarinnar fellur brott.

2. gr.

Við bætist tvær nýjar málsgreinar sem hljóða svo:

Starfssvæði Sambands sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra nær yfir allt Norðurlandskjördæmi vestra, þ.e. Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.

Starfssvæði Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum nær frá Ólafsfirði að vestan að Sauðaneshreppi að austan, að báðum sveitarfélögum með töldum.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Seltjarnarnes árið 1993.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarness er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald fyrir árið 1993.

2. gr.

Gjald fyrir 1993 er kr. 4 000 og er gjaldið miðað við einn poka á viku á hvern stað sem hreinsað er frá og er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 1993.

Umhverfissráðuneytið, 22. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.